



Borgarráð

Reykjavík, 29. júní 2026

MSS26050080

**Tilnefning fulltrúa Reykjavíkurborgar í fulltrúaráð Eignarhaldsfélagsins  
Brunabótafélag Íslands**

Lagt er til að borgarráð samþykki að tilnefna Helgu Björk Laxdal sem fulltrúa og Halldóru Káradóttur sem varafulltrúa Reykjavíkurborgar í fulltrúaráð Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands. Á síðasta ári voru samþykktar nýjar samþykktir fyrir EBÍ og eiga nú öll aðildarsveitarfélög EBÍ að kjósa í fulltrúaráð félagsins að loknum sveitarstjórnarkosningum. Nýtt fulltrúaráð, skv. nýjum samþykktum EB, tekur við á aðalfundi þess haustið 2027.

Hildur Björnsdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi til aðildarsveitarfélaga Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands.



**Reykjavík**

[Reykjavík / RVK-44597](#)

Beiðnin var stofnuð 26.05.2026  
10:59

[Kosning í fulltrúaráð EBÍ](#)

---

---

### **Upphafleg beiðni:**

Til allra aðildarsveitarfélaga EBÍ.

Á s.l. ári voru samþykktar einróma nýjar samþykktir fyrir Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands. Aðal breytingin sem lýtur að aðildarsveitarfélögum EBÍ er að nú eiga öll aðildarsveitarfélög EBÍ að kjósa í fulltrúaráð félagsins að loknum sveitarstjórnarkosningum. Áður voru þetta bæir og héraðsnefndir.

Meðfylgjandi bréf var sent til aðildarsveitarfélaga Brunabótar fyrir rúmu ári síðan og með þessum tölvupósti vil ég minna á þessar breytingar á samþykktunum þar sem þær hafa áhrif á kjör sveitarstjórna í fulltrúaráð félagsins.

Ekki hika við að hafa samband við undirritaða ef einhverjar spurningar vakna.

Bestu kveðjur

Anna

---

[anna@brunabot.is](mailto:anna@brunabot.is)

[Bréf-2025-Aðildarsveitarfélög-nýjar samþykktir.pdf](#) (3.07 MB)

[Outlook-0nsz4jta](#) (59 kB)

Kópavogi, 2. apríl 2025.

## Til aðildarsveitarfélaga Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands

Á aukafundi fulltrúaráðs EBÍ þann 19. mars sl. var lögð fram og samþykkt tillaga að nýjum samþykktum fyrir Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

Í kjölfar umræðu á aðalfundi EBÍ árið 2023 skipaði stjórn starfshóp sem vann tillögur að breytingum. Niðurstaða starfshópsins var að þörf væri á heildarendurskoðun samþykktanna í ljósi þess að nauðsynlegt er talið að færa þær til nútímahorfs. Lagði starfshópurinn til breytingar sem bæði taka mið af breytingum á umhverfi sveitarfélaga og verkefnum EBÍ á þeim 30 árum sem liðin eru frá því að eldri samþykktir tóku gildi. Er þá ekki síst horft til þess að sveitarfélög hafa sameinast og héraðsnefndir hafa víða verið lagðar niður, sem skapar nokkurn vafa um seturétt á fulltrúaráðsfundum EBÍ. Því töldu starfshópur um endurskoðun samþykktanna og stjórn EBÍ bæði rétt og nauðsynlegt að breyta samþykktunum.


Ein af meginbreytingunum sem samþykktar voru er að eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar eiga **öll aðildarsveitarfélög EBÍ** að kjósa í fulltrúaráðið í stað þess að í eldri samþykktum var gert ráð fyrir að einungis bæir og héraðsnefndir kysu í fulltrúaráðið. Þá mun atkvæðavægi á fulltrúaráðsfundum miðast við eignarhlut sveitarfélags í EBÍ. Sama regla gildir einnig um breytingar á samþykktum og um slit félagsins.

Helstu breytingarnar auk ofangreindra eru ýmis ákvæði er varða heimild til rafrænna funda, hlutfall kvenna og karla í stjórn EBÍ, ákvæði um varamenn og skipan kjörnefndar fyrir aðalfund.

Mörg sveitarfélög eru með ákvæði um kosningu fulltrúa í fulltrúaráðið inni í samþykktum sveitarfélagsins og kjósa þá í fulltrúaráðið um leið og í aðrar nefndir í kjölfar sveitarstjórnarkosninga. En nýtt fulltrúaráð kemur saman til aðalfundar ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

Í ljósi þessa þykir stjórn EBÍ nauðsynlegt að upplýsa öll aðildarsveitarfélög um þessar breytingar þannig að sveitarfélögin geti gert breytingar á sínum samþykktum ef þau kjósa svo, hafi samþykktirnar ekki þegar að geyma slíkt ákvæði. Þetta á einkum við um sveitarfélög sem hafa sameiginlega tilnefnt fulltrúa á vettvangi héraðsnefnda. Skipunartími núverandi fulltrúaráðs rennur út einu ári eftir næstu sveitarstjórnarkosningar og þá mun nýtt fulltrúaráð, skv. nýjum samþykktum EBÍ, taka við á aðalfundi þess haustið 2027.

Bestu kveðjur



Anna Sigurðardóttir  
framkvæmdastjóri